



Skagafjörður

Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2019.

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 128-1 skv. samningum Öldunnar/Kjalar frá 1. janúar 2019 með 8% persónuálagi, 13,04 % orlofi og 25% launatengdum gjöldum, **samtals 3.092 kr.**

2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en óskertan ellilífeyri/örorkulífeyri frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **310.800 kr.** (einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið).
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlissólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **466.200 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga upphæð barnaléyris frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2019) **34.362 kr.** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldskrá heimaþjónustu 2019. Samþykkt af Félags- og tómstundanevnd 21.01.2019					
		Tekjur undir: gjaldfrí	Tekjur undir: greiðir 1/3 gjald	Tekjur undir: greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir: greiði fullt gjald
3092	Viðmið kr. 3.092				
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	310.800 kr.	466.200 kr.	543.900 kr.	543.901 kr.
	Hjón/samb, fólk	466.200 kr.	699.300 kr.	815.850 kr.	815.851 kr.
Gjald	Einstaklingur	0 kr.	1.031 kr.	1.546 kr.	3.092 kr.
	Hjón/samb, fólk	0 kr.	1.031 kr.	1.546 kr.	3.092 kr.
	tekjur á ári - einst	3.729.600 kr.	5.594.400 kr.	6.526.800 kr.	6.526.801 kr.
	tekjur á ári hjón	5.594.400 kr.	8.391.600 kr.	9.790.200 kr.	9.790.201 kr.